

127.fundur skólanefndar Stykkishólmsbæjar 19.september 2013 haldinn í Ráðhúsi
Stykkishólms kl. 17:30

Mættir: Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, Sigurður Þórarinnsson, Sigrún Þórsteinsdóttir, Joanna Szerszen, Auður Vésteinsdóttir, Guðjón P. Hjaltalín og Hrefna Frímansdóttir.

Formaður setti fund klukkan 17:30

Dagskrá:

1. Skýrsla leikskólastjóra
 2. Skóladagatal leiksskóla veturinn 2013-2014
 3. Umbótaáætlun leikskólans
 4. Önnur mál
1. **Skýrsla leiksskólastjóra.**
 - a. Barnafjöldi: Nú eru 75 börn í skólanum en verða 76 1. janúar.
 - b. Starfsmannahald: Í haust voru ráðnir nýir starfsmenn, Karína Nielsen er í 100% kennslu á Ási, Elínbjörg Þorvarðardóttir er í 80% kennslu á Vík og Karín Rut Bæringsdóttir er í 100% afleysingastöðu. Magðalena Hinriksdóttir kemur aftur til starfa 1. okt. og tekur þá við deildarstjóra stöðu á Nesi.
 - c. Barngildi: Nú eru 569 dvalarstundir hér á dag og við erum þá leikskóli 4 skv. skilgreiningu í kjarasamningum, en eftir þeim er m.a. stjórnunarhlutfall skólans ákveðið sem og laun leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra. Þetta þýðir að það er mjög góð nýting á skólanum. Ekki er biðlisti í leikskólann og öll börn sem sótt hafa um leikskólavist komin inn í skólann.
 - d. Skóladagatal: er lagt fram til samþykktar, foreldraráð hefur haft dagatalið til umsagnar og kom ekki með athugasemdir.
 - e. Sérfræðingar: Enn erum við með samning við sálfræðing og talmeinafræðing sem koma á 4 – 8 vikna fresti.
 - f. Verkefni Önnu – Lindar: Næsti starfsdagur er 11 október og fer hann í áframhaldandi vinnu við þróunarverkefnið okkar.
 - g. Danskennsla: Jón Pétur mun koma hingað í næstu viku og vera með dansnámskeið fyrir tvo elstu árgangana. Það námskeið stendur í 6 vikur.
 - h. Fundur með stjórn félags- og skólaþjónustu: Þar var lögð fram beiðni um að ráðinn yrði starfsmaður sem sinnti faglegum þáttum fyrir leikskólana á Snæfellsnesi. Vel var tekið í þessa beiðni og forstöðumanni falið að skoða það betur.

2. Skóladagatal leiksskóla veturinn 2013-2014

- a. Skóladagatal lagt fyrir og samþykkt samhljóða.

3. Umbótaáætlun leikskólans

- a. Leikskólinn í Stykkishólmi lenti í úttekt á fyrirkomulagi og framkvæmd á sérfræðipjónustu í sveitarfélaginu. Annars vegar á að skoða stuðning við nemendur í leik- og grunnskólum og foreldra þeirra, hins vegar stuðning við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra. Þessi úttekt er áætluð nú í haust. Skólanefnd Stykkishólmsbæjar fagnar þessari úttekt og vonar að hún styðji við þá kröfu sem fram hefur komið um fastráðinn starfsmann sem sinnir faglegum þáttum leikskóla á Snæfellsnesi.

4. Önnur mál

- a. Foreldrafundir eru á næsta leit og verða auglýstir von bráðar. Foreldrafélagið er að fara af stað með sitt starfsár og fundar innan tíðar. Nýir félagar eru sérstaklega velkomnir.
- b. Tölvumál leikskólans rædd. Skólanefnd ítrekar að tölvu- og tækjamálum leikskólans er verulega ábótavant. Tölvur leikskólastjórnenda voru keyptar árið 2006 og brýn þörf á endurnýjun.
- c. Næsti fundur skólanefndar verður um málefni Grunnskólans í Stykkishólmi og er áætlaður fimmtudaginn 31.október kl.17.30.

Fundi slitið kl. 18.30

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, formaður, (sign),
Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla, (sign),
Hrefna Frímansdóttir, fulltrúi, (sign),
Guðjón P. Hjaltalín, fulltrúi, (sign),
Sigurður A. Þórarinsson, fulltrúi, (sign),
Joanna Szerszen, áheyrnarfulltrúi starfsfólks leikskóla, (sign),
Auður Vésteinsdóttir, áheyrnarfulltrúi Helgafellssveitar, (sign).